

Yngsti leikmaðurinn skoraði sigurmarkið

Vestri lék sinn fyrsta leik í 2. deild Íslandsmótsins í knattspyrnu á sunnudaginn var. Leikurinn átti að vera á laugardag en vegna þoku komst lið Fjarðabyggðar ekki vestur og leiknum því frestað um sólarhring. Það var fjölmenni í blíðunni á Torfnesevelli sem fylgdist með nokkuð spræku liði heimamanna

kljást við Austfirðingana. Vestramenn sýndu strax frá upphafi fína takta, en það vantaði upp á að liðið væri nógu ógnandi fram á við. Markalaust var í hálfleik. Þegar sex mínútur voru liðnar af seinni hálfleik sýndu Vestramenn lipran samleik sem endaði með því að Þórður Gunnar Hafþórsson skor- aði í mark Fjarðabyggðar og kom

Vestra yfir. Vestramenn fengu nokkur færi til að gulltryggja sigurinn, en tókst ekki að koma boltanum í markið og endaði leikurinn með eins marks sigri heimamanna.

Þórður Gunnar er á sextánda ári og lýkur 10. bekk í vor. Hann kom inn á sem varamaður á 17. mínútu þegar Francis Adjei

meiddist. Danimir Milkanovic, þjálfari Vestra, verðlaunaði Þórð Gunnar með heiðursskiptingu í uppbótartíma leiksins og fékk leikmaðurinn ungi verskuldað klapp frá áhorfendum.

Vestra er spáð upp um deild í spá Fótbolta.net fyrir sumarið, en Fjarðabyggð, er spáð um miðja deild.



Þórður Gunnar Hafþórsson.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum

BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 11. maí 2017 · 18. tbl. · 34. árg. · Ókeypis eintak



Pröstur fékk æðstu viðurkenningu Skíðasambandsins.

Sæmdur heiðurskrossi Skíðasambandsins

Á lokahófi Fossavatnsgöngunnar í íþróttahúsinu á Torfnesi var Pröstur Jóhannesson sæmdur heiðurskrossi Skíðasambands Íslands. Það var Einar Þór Bjarnason, formaður Skíðasambands Íslands, sem afhenti Presti heiðurskrossinn, sem er æðsta viðurkenning sem Skíðasambandið veitir. Þegar saga skíðagöngunnar á Ísafirði verður skrifuð verður nafn Þrastar Jóhannessonar áberandi. Hann byrjaði að stunda skíðagöngu á unglingsaldri og komst fljótt í hóp allra bestu skíðagöngumanna landsins og vann til fjölmargra verðlauna á Skíðamótum Íslands. Hápunktur ferilsins var þó líklega þegar hann keppti fyrir Íslands hönd á Ólympíuleikunum í Lake Placid árið 1978.

Eftir að afreksferlinum lauk hefur Pröstur sinnt skíðagöngu-íþróttinni af alúð og líklega er leitun að afreksmanni sem

hefur gefið jafn mikið til baka til íþróttar sinnar eins og Pröstur hefur gert. Hann sinnti þjálfun ungra skíðamanna um árabil, sat í stjórn Skíðaráðs Ísafjarðar, stjórn Íþróttabandalags Ísafjarðar og þannig mætti áfram telja.

Það var vel við hæfi að Pröstur skyldi fá heiðurskrossinn á lokahófi Fossavatnsgöngunnar en þáttur hans í vexti og vinsældum göngunnar er óumdeildur. Um langt árabil sá hann um að troða brautirnar – byrjaði um miðja nótt fyrir keppnisdag, stökk svo úr troðaranum spennit á sig skíðin og keppti. Enn í dag stjórnar Pröstur brautarlagningu Fossavatnsgöngunnar. Það eru ekki allir sem gera sér grein fyrir þeirri gríðarlegu vinnu sem lögð er í það verk, en fagmennska Þrastar hefur áunnið honum einróma lof þátttakenda og alþjóðlegra eftirlitsmanna.

Litli leikklúbburinn leitar krafta



Frá sögusýningu um LL sem sett var upp í safnahúsinu þegar leikfélagið fagnaði 50 ára afmæli.

Litli leikklúbburinn hefur sett svip sinn á listalífið á Ísafirði í háa herrans tíð en fyrsta verkið á vegum leikfélagsins, Lína langsokkur, var sett upp árið 1966, en Lína líkt og LL hafa allar götur síðan skemmt landanum með einum eða öðrum hætti. Fjölmargir sjálfboðaliðar hafa lagt LL lið í gegnum tíðina, hvort heldur sem er á leiksviðinu sjálfu eða í einhverjum þeirra fjölmörgu

verka sem inna þarf af hendi til að halda áhugaleikfélagi gangandi. Nú leitar Litli leikklúbburinn að áhugasömu fólki til ábyrgðarstarfa fyrir klúbbinn, en fjórir stjórnarmenn yfirgefa brátt félagið og því rými fyrir áhugasama um öflugt áhugaleikfélag að stíga fram.

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Rögnvaldarsal Edinborgarhússins þann 15. maí, klukkan 20 og þar fara fram

stjórnarskipti hjá þeim sem fara og þeim nýju sem verma sætin næstu misserin. Áhugasömum um setu í stjórn LL er bent á að hafa samband við formanninn Jóhönnu Ásu á netfangið stebbij@snerpa.is eða mæta til fundarins og gefa kost á sér á staðnum. Áætlað er að setja upp leikrit á haustmánuðum og geta nýir stjórnarmenn haft sitt að segja um efnisval.

annska@bb.is



Hamraborg ehf. · Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með kjúklingasalati



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

alltaf
nýsmurt



Útgefandi: Athafnagledi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X



BSI á Íslandi
 Faggild skoðunarstofa

BSI á Íslandi óskar eftir skoðunarmanni á Skipaskoðunarsviði

Skipaskoðunarmaður á Vestfjörðum (Ísafjörður/Bolungavík)

Umsækjendur þurfa að uppfylla eitt af eftirfarandi:

- Hafa réttindi skipstjóra sbr. STVW- 11/1 eða vélstjóra sbr. STCW- 111/2
- Lokið prófi sem skipaverkfræðingur/tækni-fræðingur, vélaverkfræðingur/tæknifræðingur eða verkfræðingur/tæknifræðingur á sviði siglingamála og unnið sem slíkur í fimm ár að minnsta.
- Hafa iðnmenntun og meistara réttindi á viðkomandi sviði (svo sem: skipasmíði, plötusmíði, vélvirkjun, rafvirkjun eða rafeindavirkjun) og unnið sem slíkur í fimm ár að minnsta

Hæfniskröfur:

- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Sjálfstæði, frumkvæði og þjónustulund.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af skoðunarstörfum kostur.

Umsókn sendist á info@bsiaislandi.is og merkt Skipaskoðun.

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2017.

BSI á Íslandi hóf starfssemi á Íslandi árið 2004. Starfssemi fyrirtækisins nær yfir m.a. úttektir, mat, eftirlit, skoðanir, þjálfun og vottanir. Nánari upplýsingar um BSI má finna á vefsvæði okkar á www.bsiaislandi.is

BSI á Íslandi
 Skipholt 50c
 105 Reykjavík
 S: 414 4444
info@bsiaislandi.is
bsiaislandi.is



ÍSAFJARÐARBÆR **Tilboð** **Gangstéttir Ísafirði** **– Endurgerð –**

Dagsetning opunar: 18. maí 2017

Ísafjarðarbær óskar eftir tilboðum í verkið „Gangstéttir endurgerð“.

Um er að ræða endurbyggingu gangstétta. Taka þarf upp hellulagðar gangstéttir á nokkrum stöðum og endurnýja eða endurleggja. Steypta stétt skal fjarlægja og endursteypa síðan. Gera skal nýja gangstétt á einum stað.

Helstu stærðir eru:

Hellulögn 490 m²

Steypa 200 m²

Jöfnunarlög 515 m²

Verkinu skal vera að fullu lokið í 3. júlí 2017.

Útboðsgögn verða til afhendingar á Tæknideild Ísafjarðarbæjar 4. hæð Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1. Ísafjarðarbæ frá þriðjudeginum 9. maí 2017. Tilboðin verða opnuð á Tæknideild Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu, 4. hæð, 18. maí 2017 klukkan 11.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.



Aðalfundur

Aðalfundur Verkalýðsfélags Vestfirðinga haldinn miðvikudaginn 17. maí 2017 kl. 18.00 á Hótel Ísafirði.

Boðið verður upp á léttan málsverð í upphafi fundar.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Kynntur ársreikningur fyrir starfsárið 2016
- Lýst kjöri stjórnar, varamanna, trúnaðarráðs og skoðunarmanna
- Tillaga um lagabreytingar
- Tillögur um reglugerðabreytingar:
- a) Sjúkrasjóðs
- Kosning framkvæmdastjórnar sjúkrasjóðs
- Ákvörðun félagsgjalds og hlutfall í vinnudeilusjóð
- Lögð fram tillaga um laun til stjórnar og nefnda
- Önnur mál

Allir félagsmenn eiga jafnan atkvæðis- málfrelsis- og tillögurétt á aðalfundi og eru hvattir til að nýta sér þann rétt.

Stjórn Verkalýðsfélags Vestfirðinga

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

FULLELDAÐ
Aðeins að hita



798
kr. 800 g

Bónus Buffalo Leggir
Fulleldaðir, 800 g



498
kr. 800 g

Bónus Buffalo Vængir
Fulleldaðir, 800 g

FULLELDAÐ
Aðeins að hita



1.098
kr. kg

Ali Spareribs
Fullelduð

GOTT VERÐ Í BÓNUS

1,35kg



359
kr. 1,35 kg

Heinz Tómatósósa
1,35 kg



98
kr. 100 g

Steiktur laukur
100 g



159
kr. 5 stk.

Bónus Pylsubrauð
5 stk.

10 PYLSUR



379
kr. pk.

Bónus Vínarpylsur
485 g, 10 stk.



298
kr. pk.

Kjarnafæði Bacon Pylsur, 300 g
Kjarnafæði Óðals Osta Pylsur, 300 g

4x2L



498
kr. 4x2 l

Klaci Kolsýrt Vatn
4x2 l, 3 teg.



159
kr. 175 g

OLW Kartöflusnakk
175 g, 3 teg.

ORKUDRYKKUR
Líka til sykurlaus



59
kr. 250 ml

ES Orkudrykkur
250 ml, 3 teg.

BONUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gildir til og með 14. maí eða meðan birgðir endast



ÍSAFJARÐARBÆR

Auglýsing

Breytingar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og nýtt deiliskipulag vegna Naustahvilftar í Skutulsfirði

Ísafjarðarbær kynnir skipulagslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 og á nýju deiliskipulagi vegna Naustahvilftar, Skutulsfirði.

Skipulagslýsingin er kynnt á vinnslustigi í samræmi við 4. mgr. 40 gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Lýsingin verður til sýnis á opnu húsi frá kl. 13:00 til 15:00 þann 12. maí 2017 á bæjar-skrifstofum Ísafjarðarbæjar að Hafnarstræti 1, Ísafirði. Hún mun einnig vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: www.isafjordur.is frá 12. maí til 19. maí 2017.

Vakin er athygli á því að um er að ræða kynningu á vinnslustigi og tillögur verða auglýstar síðar og þá verður gefinn sex vikna frestur til athugasemda.

Axel Rodriguez Överby
- skipulags- og byggingarfulltrúi -



A-DEILD LSR
eftir 1. júní 2017
Nánari upplýsingar á www.lsr.is

Kynningarfundur um breytingar á A-deild LSR
Fundurinn hefst kl 16:30

Ísafjörður 15. maí
Hótel Ísafjörður



Lífeyrissjóður
starfsmanna ríkisins
Engjateigi 11
105 Reykjavík
Sími: 510 6100
Fax: 510 6150
lsr@lsr.is

www.lsr.is



VIÐ ERUM AÐ LEITA AÐ KRAFTMIKLU FÓLKI TIL STARFA Í SUMAR

Sumarstörf á Ísafirði

Pósturinn á Ísafirði óskar eftir að ráða fólk til starfa frá 12. júní í sumar. Óskað er eftir jákvæðum einstaklingum með ríka þjónustulund sem eiga auðvelt með samskipti.

Bílstjórar

Starfið felst í dreifingu pósta og annarra þjónustuvara á Ísafirði og nágrenni. Stundvísi og áreiðanleiki er skilyrði.

Hæfniskröfur

- Bílprófsréttindi
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Bréfberar

Starfið felst í dreifingu pósta og annarra þjónustuvara á Ísafirði. Stundvísi og áreiðanleiki er skilyrði.

Hæfniskröfur

- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veitir Gabriela Aðalbjörnsdóttir í síma 456 5000 eða í netfanginu gabrielaa@postur.is

Umsóknarfrestur:
19. maí 2017

Umsóknir:
umsokn.postur.is



SÍGILD & FALLEG HÖNNUN

vitra.



VILDARVERÐ:
29.900.-
Verð:
36.900.-

Hang-it-All
fatahengi á vegg
VILDARVERÐ: 29.900.-
Verð áður: 36.900.-

vitra.

**FLEIRI
LITIR
Í BODI!**



Rotary Tray
bakki
Verð: 6.364.-

VILDARVERÐ:
16.900.-
Verð:
19.900.-



House Bird
skrautstyttu
VILDARVERÐ: 16.900.-
Verð áður: 19.900.-

vitra.

**FLEIRI
LITIR
Í BODI!**



Toolbox (brick)
geymslukassi
Verð: 4.748.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Vildarverð gilda til og með 14. maí. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Sportið í beinni fimmtudagur 11. maí

17:00 The Players Championship
19:00 Man United - Celta
19:00 Lyon - Ajax

föstudagur 12. maí

17:00 The Players Championship
18:50 WBA - Chelsea
19:05 Fram - Haukar
22:20 Everton - Watford

laugardagur 13. maí

08:55 F1: Æfing - Spánn
11:20 Man. City - Leicester
11:50 F1: Tímataka - Spánn
13:30 Formúla E - Mónakó
13:50 Sunderland - Swansea
16:20 Stoke City - Arsenal
18:00 The Players Championship
18:00 Middlesbr - Southampton
18:00 Bournemouth - Burnley
01:30 UFC Countdown
02:00 UFC 211: Miocic vs Santos

sunnudagur 14. maí

10:50 Crystal Palace - Hull
11:30 F1: Keppni - Spánn
13:05 West Ham - Liverpool
15:20 Tottenham - Man United
16:45 KR - ÍA
17:55 Real Madrid - Sevilla
17:55 Las Palmas - Barcelona
18:00 The Players Championship
19:45 Breiðablik - Stjarnan

mánudagur 15. maí

18:50 Chelsea - Watford
19:45 Valur - FH
21:00 Messan
22:00 Pepsímörkin
22:25 Síðustu 20 Pepsi deild

þriðjudagur 16. maí

18:35 Arsenal - Sunderland
18:50 Man. City - WB Albion
19:15 Borgunarbíkar karla -
19:05 Valur - Stjarnan

miðvikudagur 17. maí

18:35 Southampton - Man. Utd.

Dagar Íslands

11. maí 1661:

Ragnheiður Brynjólfssdóttir í Skálholti sór eið um hreinlífi sitt. Sonur hennar, Halldór Daðason, fæddist 40 vikum síðar.

11. maí 1955:

Kópavogur varð kaupstaður, en hafði sjö árum áður orðið hreppur við aðskilnað frá Sel-tjarnarneshreppi.

12. maí 1916:

Hásetaverkfalli lauk eftir að hafa staðið í tvær vikur. Þetta var fyrsta verkfall á Íslandi sem bar nokkurn árangur.

Helgarveðrið

Á föstudag og laugardag:

Austan 10-18 og rigning, einkum SA-til. Hiti 3 til 12 stig, hlýjast um landið V-vert.

Á sunnudag:

Suðaustlæg átt 5-10 og skúrir, en þurrt að mestu N-lands. Hlýnar heldur.

Krossgátan

			FLEKKA	MESSING	HÆRRA		TVEIR EINS	LAX-BRÖÐIR	LÍK
	RÖÐUN								
	RANGL				KNÆPA				
					VERSLUN				
	LOFT-TEGUND					TVEIR EINS			
						MÖGLA			
KÚASMALI									VIÐ-BURÐUR
SKRIÐDÝR									
	↓	KANTUR	BÓK-STAFUR			NÖLDRA			
			BELTI			SKAF			
KRAUMA					PÚL				
					RELL				
HRÓP				SKEIFA				ÖSKUR	
				LJÁ					
SPRIKL			SÍLL				KK NAFN		
			TRÖLL				KLÓ		
SAMSTÆÐA				NÝLEGA				KÚGUN	
				ÁTT				KROTA	
STÓ					KNATTLEIKS-SKÍFU				HLJÓÐFÆRI
					RÁK				
		ÁLIT				JURT			
		GIFTA				SAMTÖK			
STYRKAR-SPÝTA				FLOKKA	GÖSLA				MÆLI-EINING
					ÞANGAÐ TIL				
ÁTT			RÖÐ				BEKKUR		
			DRAUP				STANSA		
LAND Í ASÍU						UNGDOMUR			
						ÍPRÓTTA-FÉLAG			
YNDIS					HRÍSLU-SKÓGUR				
SKARA					DETTA				

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Áðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



1 Um Ögur 
6. maí, kl. 10 í Súðavík eða kl. 11 við Ögur.
Fararstjóri: Halldór Halldórsson.

2 Um Hvítanes 
20. maí, kl. 10 í Súðavík eða kl. 10:45 við Litlabæ.
Fararstjóri: Kristján Kristjánsson.

3 Kaldalón–Reykjarfjörður–Kaldalón 
9.–11. júní. Gengið á skíðum yfir Drangajökul. Gist í húsi í 2 nætur í Reykjarfirði.
Skráning: thrj55@gmail.com. Verð 40.000 / 35.000 kr., þar af 10.000 kr. staðfestingagjald sem greiða þarf fyrir 1. júní. Innifalið: Gisting og fararstjórn.
Fararstjóri: Þróstur Jóhannesson.

4 Naustahvilt 
24. júní, kl. 10. Fjölskylduferð.
Fararstjóri: Sturla Páll Sturluson.

5 Selárdalur – Krossadalur 
1. júlí, kl. 10 við Stað. Gengið milli Selárdals í Arnarfirði og Krossadals í Tálknafirði. Verð 3.000 kr.
Fararstjóri: Úlfar B. Thoroddsen.

6 Hesteyri – Látrar – Sæból 
9.–11. júlí. Siglt frá Ísafirði til Hesteyrar.
Gist í tvær nætur í tjaldi við Látra og gengið á Straumnes, í Rekavík og að lokum á Sæból.
Skráning perillarein@gmail.com. Verð: 50.000 / 45.000 kr., þar af 10.000 kr. staðfestingargjald sem greiða þarf fyrir 25. júní. Innifalið: Sigling, trúss, morgun- og kvöldmat í Aðalvík og fararstjórn.
Fararstjórar: Kristín Ósk Jónasdóttir og Pernilla Rein.

7 Kaldbakur 
15. júlí, kl. 9 frá Ísafirði. Gengið efst úr Fossdal kl. 10:30.
Fararstjóri: Eggert Stefánsson.

8 Flateyri – Kálfeyri 
22. júlí, kl. 10 á Flateyri. Gengið að Kálfeyri og til baka.
Fararstjóri: Guðmundur Björgvinsson.

9 Skálavík – Galtarviti – Skálavík 
29. júlí, kl. 10 í Bolungarvík.
Fararstjóri: Þróstur Jóhannesson.

10 Skötufjörður – Heydalur 
5. ágúst, kl. 9 í Súðavík eða kl. 10 innan við Kálfavík í Skötufirði.
Gengið upp Grafarskarð í Heydal.
Fararstjóri: Barði Ingibjartsson.

11 Sauratindar – Skák – Sauradalur 
6. ágúst, kl. 9 í Súðavík. Í samstarfi við Gönguhátíð í Súðavík.
Fararstjóri: Anna Lind Ragnarsdóttir.

12 Seljalandsdalur – Þjófaskörð – Heiðarskarð – Syðridalur 
6. ágúst, kl. 10 í Súðavík eða kl. 10 á Seljalandsdal.
Í samstarfi við Gönguhátíð í Súðavík.
Fararstjóri: Rúnar Eyjólfsson.

13 Kofri 
7. ágúst, kl. 9 í Súðavík. Í samstarfi við Gönguhátíð í Súðavík.
Fararstjórar: Anna Lind Ragnarsdóttir og Barði Ingibjartsson.


14 Flæðareyri – Grunnavík 
13. ágúst, kl. 9. Siglt frá Ísafirði og gengið yfir Staðarheiði í Grunnavík.
Siglt til baka sama dag. Verð 15.000 / 7.000 kr.
Skráning og staðfestingargjald fyrir 1. ágúst, koj3@hi.is.
Fararstjórar: Kristín Ósk Jónasdóttir og Smári Haraldsson.

15 Hjarðardalur – Mjóidalur – Bjarnardalur 
19. ágúst, kl. 10 á Ísafirði eða kl. 10:30 við heimreið að Hjarðardal.
Gengið upp Hjarðardal í Dýrafirði, kl. 10:30, niður Mjóadal í Önundarfirði og að Kirkjubóli í Bjarnardal.
Fararstjóri: Emil Ingi Emilsson.

16 Seljalandsdalur – Botnsheiði – Dagverðardalur 
2. september, kl. 14.
Hjólaður hringur sem byrjar og endar við Grænagarð.
Fararstjóri: Ómar Smári Kristinsson.

17 Hörgshlíð – Sel 
9. september, kl. 11 frá Hörgshlíð í Mjóafirði.
Gengið að Seli við Selvatn og til baka.
Fararstjórar: Bergsteinn og Hermann Gunnarssynir.

18 Um Engidal, súpuferð 
7. október, kl. 10 við Fossa.
Göngufólki boðið upp á súpu að hætti Steina kokks að lokinni göngu.
Fararstjóri: Kristján Jónsson.



Allir velkomnir!

